



Stjórn SSH 399. fundur

Mánudaginn 3. febrúar 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Forföll: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. FJÖLSMIÐJAN – nýr þjónustusamning

Í upphafi fundar undirrituðu stjórnarmenn ásamt Margréti Friðriksdóttur stjórnarformanni Fjölsmiðjunnar nýjan þjónustusamning milli sveitarfélaganna og Fjölsmiðjunnar.

2. Sameiginlegt útbod á akstri fyrir fatlað fólk.

Hörður Hilmarsson formaður verkefnahóps vegna undirbúnings sameiginlegs útbods á akstri fyrir fatlað fólk mætti á fundinn undir þessum lið. Ennfremur lá fyrir minnisblað Harðar og framkvæmdastjóra SSH vegna málsins.

HH gerði grein fyrir störfum vinnuhópsins eftir samþykkt stjórnar SSH 2. desember sl. þar sem hópnun var falið að skoða mögulega aðkomu Strætó bs. að framkvæmd verkefnisins.

Í framangreindu minnisblaði kemur fram niðurstaða hópsins:

„Niðurstaða verkefnahópsins eftir ítarlega yfirferð yfir málið, og skoðun á þeim hugbúnaði sem nýttur yrði í þjónustuveri byggðasamlagsins er að leggja til við stjórn SSH að sveitarfélögin sem ábyrgðaraðilar að akstursþjónustu fyrir fatlað fólk feli byggðasamlaginu Strætó bs. að annast framkvæmd þjónustunnar fyrir sína hönd í samræmi við þær þjónustukröfur sem setja þarf um verkefnið. Í þessu felst ekki tillaga um framsal á ábyrgð félagsþjónustu sveitarfélaganna á verkefninu, heldur vinni byggðasamlagið verkefnið í samræmi við verklýsingar félagsþjónustunnar og í samstarfi við sérstakt fagråd myndað af fulltrúm félagsþjónustunnar, Strætó bs., notenda og akstursaðila. Gerður verði sérstakur samningur milli sveitarfélaganna um samstarf um framkvæmd þessarar þjónustu, þar sem m.a. komi fram ákvörðun eigenda um að fela byggðasamlaginu þetta verkefni.“

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir framangreinda niðurstöðu starfshópsins og felur honum að vinna málið áfram með þeim hætti sem þar er lagt til.

3. **Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu – staða máls og næstu skref.**

Farið var yfir þá stöðu sem uppi er í viðræðum milli SHS og ríkisins um efndir á samningi frá því í febrúar á liðnu ári, og mat á framhaldi og horfum.

4. **Starfsáætlun SSH 2014.**

Fyrir lá samantekt framkvæmdastjóra vegna starfsáætlunar SSH fyrir árið 2014.

Áætlunin verður til áframhaldandi mótnar á næstu stjórnarfundum – framkvæmdastjóra falið að festa þá fundardaga sem þörf er á s.s. vegna stjórnarfunda og funda fulltrúaráðs fram að sveitarstjórnarkosningum.

5. **Aukið rekstrarsamstarf á vettvangi SSH.**

Framhald umræðu sbr. 4. mál 398. stjórnarfundar 6. janúar 2014.

Fyrir lá tölfræðisamantekt vegna samanburðar á rekstrarkostnaði pr. íbúa í aðildarsveitarfélögunum í helstu málaflokkum.

Samþykkt að vinna áfram að frekari greiningu vegna samanburðar á rekstri sveitarfélaganna og að niðurstöðurnar verði nýttar til frekari umræðu um tillögu bæjarráðs Kópavogs um aukið rekstrarsamstarf á vettvangi SSH að afloknum sveitarstjórnarkosningum

6. **Önnur mál**

a) **Málefni Reykjanessfólkvangs**

Ásgerður Halldórsdóttir vakti máls á þörf á að ljúka umræðu um málefni Reykjanessfólkvangs og ákvörðun aðildarsveitarfélaga SSH um áframhaldandi aðild að rekstri fólkvangsins.

Framkvæmdastjóra falið að ýta á eftir þeim tillögum sem nú eru í mótnun um málið sbr. umræðu á stjórnarfundum 4. nóvember 2013.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55